



# KVOSIN

Afrennsli Tjarnarinnar

Rennslisgreining



**VBV Verkfræðistofa**  
**Bjarna Viðarssonar ehf**  
Hlíðasmára 2, 201 Kóp, sími 588 62 88

September 2023

## Efnisyfirlit

1.	Forsaga verkefnis .....	2
1.1	Almennt.....	2
1.2	Fyrri hugmyndir.....	2
1.3	Núverandi fráveitukerfi.....	3
1.4	Ofanvatnsáætlun Verkís.....	5
1.5	Núverandi yfirfall Tjarnarinnar.....	9
2.	Forhönnun nýrrar afrennislagnar Tjarnarinnar .....	12
2.1	Grunnmynd og hæðarlega .....	12
2.2	Nýtt yfirfall Tjarnar.....	13
3	Ofanvatnsáætlun .....	16
3.1	Almennt.....	16
3.2	Forsendur um úrkomu .....	16
3.3	Afrennislissvæði og afrennislöglur.....	17
4	Rennslisgreining .....	21
4.1	Rennslisleiðin .....	21
4.2	Inntak við Tjörnina .....	21
4.3	Útrás í Reykjavíkurböfn.....	22
4.4	Rennslisreikningar .....	23
4.5	Tímaþróun vatnshæðar í Tjörninni og rennslis úr henni.....	27
4.6	Áhrif sjávarfalla .....	36
4.7	Varayfirfall og nýting þess.....	38
5	Samantekt og niðurstöður .....	39
6	Lokaorð .....	40
1	Viðauki 1 – Rennslisreikningar .....	41
2	Viðauki 2 – Sjávarhæð.....	51

Greinargerð þessi er unnin af Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar (VBV).  
Skýrsluna unnu verkfræðingarnir Gautur Þorsteinsson, Yanan Chen og Bjarni Viðarsson.

## 1. Forsaga verkefnis

### 1.1 Almennt

Unnið er að undirbúningi endurgerðar gatna við Austurvöll í miðborg Reykjavíkur. Í tengslum við þessa vinnu hefur VBV unnið að hönnun fráveitulagna í götunum fyrir Veitur. Verkefninu tilheyrir hönnun á hluta af nýrri afrennislögn Tjarnarinnar. Þessari afrennislögn er ætlað að vera framtíðar afrennislögn Tjarnarinnar í stað núverandi blandagnar sem liggur eftir Lækjargötu. Gerð hefur verið forhönnun af nýju afrennislögninni og hluti hennar hefur þegar verið byggður.

Tilgangurinn með gerð nýrrar afrennislagnar er aðgreining á fráveitu í skólplagnir og ofanvatnslagnir. Með því sparast verulegur kostnaður við dælingu, en fráveituvatni frá Kvosinni og Tjörninni er nú dælt að dælu- og hreinsistöð við Klettagarða í Sundahöfn. Mikill hluti þessa vatns er ofanvatn sem hægt væri að veita beint út í sjó án hreinsunar og dælingar um neðansjávarlagnir. Miðbakki í Reykjavíkurhöfn er heppilegur staður fyrir útrás ofanvatns úr Kvosinni og Tjörninni.

Afkastageta hinnar nýju lagnar á eftir því sem mögulegt er að anna meginhluta þess ofanvatns sem fellur á afrennissvæði hennar. Ýmislegt getur þó orðið til þess að takmarka flutningsgetu hennar. Sjávarföll valda því að útrásin kann að vera á kafi hluta sólarhringsins og við það minnkar rennislisgetan að meðaltali. Í einstaka tilvikum getur sjávarhæð farið yfir vatnsborð Tjarnarinnar og þá getur ofanvatn ekki runnið til sjávar eftir lögninni. Til þess að sjór renni ekki inn í lagnakerfið er nauðsynlegt að flóðloka verði á útrásinni. Vegna lítils hæðarmunar milli yfirborðs Tjarnarinnar og sjávar verður halli lagnarinnar og þar með flutningsgeta hennar lítil. Landhæð í lagnaleiðinni takmarkar enn fremur stærð lagnanna þar sem stórar lagnir myndu liggja of nærri götuyfirborði.

Miðlunaráhrif Tjarnarinnar eru lykilmáttur í getu afrennislagnarinnar til þess að anna afrennissvæðisins. Þegar rennsli í afrennislögninni hefur náð hámarki getur Tjörninn tekið við mjög miklu vatnsmagni með því að vatnsborðið í henni hækkar. Þessi hækkun má hins vegar ekki verða svo mikil að vatn standi upp á gluggum Tjarnarsalar Ráðhúss Reykjavíkur, sem er byggt úti í Tjörninni.

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir greiningu á væntanlegu rennsli og rennislisgetu í nýju afrennislögninni. Skoðað verður hver áhrif mismunandi sjávarstöðu eru á afkastagetu lagnarinnar og hver áhrif miðlunar í Tjörninni eru.

### 1.2 Fyrri hugmyndir

Verkfræðistofan Verkís vann árið 2020 skýrslu fyrir Veitur um frumhönnun að nýju regnvatnskerfi fyrir afrennissvæði að Vatnsmýrinni, Tjörninni og Kvosinni í Reykjavík, (Vatnsmýri-Ofanvatnsáætlun, Frumhönnun, Ágúst 2020). Í skýrslunni er lýst greiningu á afrennissvæðum, ofanvatnsáætlun fyrir Tjörnina og rennislisgreiningu á nýrri afrennislögn frá Tjörninni og að útrás við Miðbakka í Reykjavíkurhöfn. Í skýrslunni er sett fram sú skoðun að ný útrásarlögn úr Tjörninni þurfi að vera 800-1000 mm að stærð og mælt er með stærðinni 800 mm. Þar kemur fram að núverandi yfirfall og þar með núverandi vatnsyfirborð Tjarnarinnar sé í kóta 2,2 og að til greina komi að lækka vatnshæð hennar til þess að auka miðlunarrými í henni. Þá er mælt með því að núverandi yfirfall um lögn eftir Lækjargötu verði viðhaldið sem varayfirfalli.


VBV og Veitur hönnuðu afrennislagnir sem þegar hafa verið lagðar í Tryggvagötu og Naustum og eru hluti af rennislleiðinni frá Tjörninni að útrás við Miðbakka.

### 1.3 Núverandi fráveitukerfi

Fráveitukerfi Kvosarinnar er að grunni til blandkerfi, þar sem skólpi og regnvatni er veitt saman í lagnakerfinu. Þessar lagnir eru stórar og liggja nokkuð djúpt. Lagnir sem liggja frá stórum hluta miðbæjar-svæðisins tengjast saman á gatnamótum Lækjargötu, Kalkofnsvegar og Geirsgötu. Frá þessari tengingu liggur lögn meðfram Kalkofnsvegi sem tengir svæðið við dælustöðina við Ingólfsstræti. Frá dælustöðinni liggja lagnir áfram að hreinsistöðinni við Klettagarða í Sundahöfn.

Að auki hafa sums staðar verið lagðar sérstakar grennri regnvatnslagnir og liggja þær gjarnan ofar en stóru lagnir blandaða kerfisins. Þessar lagnir enda oftast í brunnum blandaða kerfisins.

Eins og áður segir þá liggur blandaða lagnakerfið að dælustöð og þaðan áfram að hreinsistöð. Þetta kerfi verður framtíðar skólplagnakerfi Kvosarinnar, en nýtt regnvatnslagnakerfi verður lagt til þess að aðgreina kerfin og létta á dælustöðinni. Með því sparast kostnaður við að dæla regnvatni sem fellur á Kvosina alla leið inn í Klettagarða og senda það þar í gegnum hreinsistöð. Þessi umbreyting mun hins vegar taka langan tíma og vinnast í mörgum áföngum samhliða endurnýjun gatna. Gera þarf nýja útrás fyrir nýtt regnvatnslagnakerfi Kvosarinnar og afrennislögn Tjarnarinnar. Á Mynd 1 má sjá núverandi fráveitukerfi Kvosarinnar.




Mynd 1: Núverandi fráveitukerfi Kvosarinnar

Fyrsti áfangi við aðgreiningu í fráveitukerfinu var unninn á árinu 2021 og fólst í því að regnvatnslagnir í Tryggvagötu og nokkrum hliðargötum hennar voru endurnýjaðar og aðgreindar í skól- og regnvatnslagnir. Framkvæmdasvæðið náði frá gatnamótum við Pósthússtræti og að gatnamótum við Grófina. Lögnin í Tryggvagötu milli gatnamóta við Pósthússtræti og Naustanna var 800 mm að stærð, en lögnin eftir Naustunum og að Geirsgötu var 1000 mm að stærð. Sú lögn er nú tengd stofnlögn blandkerfisins í Geirsgötu en fyrirhugað er að framlengja henni að útrás við Miðbakka.

## 1.4 Ofanvatnsáætlun Verkís

Í skýrslu Verkís er greining á flatarmáli og afrennlistuðlum svæða sem hafa náttúrulegt afrennsli til Tjarnarinnar og Vatnsmýrarinnar. Þetta svæði er allstórt og er metið 270,9 hektarar. Mynd 2 úr skýrslunni sýnir afmörkun þessa svæðis með ljósbláum lit.



Mynd 2: Náttúrulegt afrennissvæði Tjarnarinnar og Vatnsmýrarinnar (Verkís 2020)

Afrennissvæðinu er skipt í 24 svæði og sýnir Mynd 3 úr skýrslunni skiptinguna í svæði.



Mynd 3: Skipting afrennissvæða og útrásarpunktar (Verkís 2020)

Afrennli af svæðum 1 – 6 leitt í Vatnsmýrina og þaðan í Tjörnina, afrennli af svæðum 7-16 veitt í Tjörnina og afrennli af svæðum 17-21 tengjast inn á nýju útrásarlögn Tjarnarinnar. Afrennli svæða 22 – 24 tengist ekki inn á hina nýju útrásarlögn. Tafla 1 hér neðar úr skýrslu Verkís sýnir þær forsendur um flatarmál svæða og afrennlistuðla sem settar voru fram í henni.

Afrennslissvæði - Lýsing	Svæði nr.	Heildarflatarmál (ha)	Afrennslisstuðull
Öskjuhlíð, Hlíðarendi	1	51,6	0,53
Hringbraut, Vatnsmýrarvegur	2	7,2	0,71
Landsspítali	3	13,9	0,65
Flugvallarsvæði, Litli Skerjafjörður	4	44,5	0,48
Gamla Hringbraut	5	3,4	0,72
Háskólasvæði	6	29,4	0,59
Hringbraut	7	6,3	0,74
Suðurgata, Hringbraut	8	12,5	0,61
Þingholt, Njarðargata	9	13,8	0,65
Þingholt, Bragagata	10	12	0,7
Þingholt, Skothúsvegur	11	4,3	0,65
Kirkjugarður	12	5,4	0,36
Þingholt, Skálholtsstígur	13	5	0,65
Tjarnargata	14	1,9	0,49
Lækjargata, Bókhöðustígur	15	3	0,65
Tjörnin	16	14,7	0,74
Vesturbær, Suðurgata	17	4,3	0,65
Miðbær	18	5,5	0,8
Vesturbær, Aðalstræti, Naustin	19	7,4	0,65
Vesturbær, Vesturgata, Tryggvagata	20	5,5	0,7
Geirsgata	21	4,6	0,89
Bankastræti	22	2	0,7
Skólavörðustígur, Hverfisgata	23	8	0,7
Kalkofnsvegur	24	4,6	0,76
<b>Samtals:</b>		<b>270,8</b>	

Tafla 1: Afrennslissvæði og afrennslisstuðlar úr skýrslu Verkis

Gildin sem Tafla 1 sýnir má draga saman í þá þrjá flokka sem tilgreindir eru hér að ofan. Tafla 2 sýnir niðurstöðurnar og eru afrennslisstuðlar flokkanna fengnir með því að veða afrennslisstuðla einstakra svæða með flatarmálum þeirra.

Afrennslissvæði - lýsing	Svæði nr.	Heildarflatarmál (ha)	Afrennslisstuðull
Vatnsmýrarsvæði	1 -6	150	0,55
Tjarnarsvæði	7 – 16	79	0,65
Kvosin	17 - 21	27	0,73
<b>Samtals/ vegið meðaltal:</b>	1-21	<b>256</b>	<b>0,60</b>

Tafla 2: Afrennslissvæði samandregin



Tafla 3 úr skýrslu Verkís sýnir niðurstöður hennar um rennsli ofanvatns frá afrennslissvæðunum.

Afrennslissvæði - Lýsing	Svæði nr.	Q 1 ár (l/s)	Q 5 ára (l/s)	Q 10 ára (l/s)
Öskjuhlíð, Hlíðarendi	1	770	1160	1330
Hringbraut, Vatnsmýrarvegur	2	170	260	290
Landsspítali	3	300	450	520
Flugvallarsvæði, LitliSkerjafjörður	4	610	910	1050
Gamla Hringbraut	5	80	120	140
Háskólasvæði	6	580	870	1000
Hringbraut	7	160	230	270
Suðurgata, Hringbraut	8	260	390	440
Þingholt, Njarðargata	9	300	450	520
Þingholt, Bragagata	10	280	420	480
Þingholt, Skothúsvegur	11	90	140	160
Kirkjugarður	12	60	100	110
Þingholt, Skálholtsstígur	13	110	160	190
Tjarnargata	14	30	50	50
Lækjargata, Bókhöðustígur	15	70	100	110
Tjörnin	16	360	550	630
Vesturbær, Suðurgata	17	90	140	160
Miðbær	18	150	220	250
Vesturbær, Aðalstræti, Naustin	19	160	240	280
Vesturbær, Vesturgata, Tryggvagata	20	130	190	220
Geirsgata	21	140	210	240
Bankastræti	22	50	70	80
Skólavörðustígur, Hverfisgata	23	190	280	320
Kalkofnsvegur	24	120	180	200

Tafla 3: Rennsli ofanvatns frá afrennslissvæðunum úr skýrslu Verkís

Niðurstöðuna úr töflunni má draga saman á eftirfarandi hátt:

Afrennsli rennur í	Svæði nr	Q 1 ár (l/s)	Q 5 ára (l/s)	Q 10 ára (l/s)
Vatnsmýrarsvæði	1-6	2.510	3.770	4.330
Tjarnarsvæði	7-16	1.720	2.590	2.960
Kvosin	17-21	670	1.000	1.150
Samtals:		<b>4.900</b>	<b>7.360</b>	<b>8.440</b>

Tafla 4: Rennslistölur samandregnar

Afrenslistölur í skýrslu Verkís eru miðaðar við 5 ára endurkomutíma og varanda 10 mínútur, nema að fyrir svæði 1 og 4 var notaður varandi 15 mínútur. Notast var við leiðbeiningar Veitna (LAV-503-10.0) og gert ráð fyrir 1M5 gildinu 40 mm fyrir sólarhringsúrkomu með 5 ára endurkomutíma.

Rétt er að taka fram að þetta er mat á rennsli í regnvatnslögnum fullaðgreinds lagnakerfis. Eins og áður segir þá rennur mestur hluti regnvatns nú eftir blandlagnakerfinu og svo mun verða í næstu framtíð. Eftir því sem endurnýjun gatna og lagnakerfa miðar fram þá mun æ stærri hluti hluti regnvatns flytjast í regnvatnslagnakerfið.

### 1.5 Núverandi yfirfall Tjarnarinnar

Núverandi afrennsli Tjarnarinnar er um yfirfall við norðausturhorn hennar. Sjá Mynd 4. Inntakið er réttthyrningur um 4,0 m á lengd og 0,25 m á hæð. Kóti á neðri brún yfirfallsins er 2,20 m í hæðarkerfi Reykjavíkur. Í afrennslisopinu er rist.




Mynd 4: Núverandi yfirfall afrennslis Tjarnarinnar

Mynd 5 sýnir yfirfallið í smíðum og Mynd 6 teikningu af yfirfallinu.



Mynd 5: Yfirfall í smíðum





Mynd 6: Yfirfallsteikning

Stokkurinn frá yfirfallinu liggur að inn í stokk sem liggur eftir Lækjargötu og sýnir Mynd 7 tvö snið í hann. Annað sniðið er tekið á ská yfir stokkinn og ýkir form hans á þvervegin. Kótasetning í því gefur til kynna þverhallann 20 % á botni þess. Hitt sniðið er í réttum kvarða og málsetur hringbogann sem þak stokksins er formað eftir. Saman gefa þessi tvö snið góða mynd af formi afrennislisstokksins, sem liggur eftir Lækjargötu. Í vefsíðu Veitna má lesa að hallinn á þessum stokk er mismunandi eftir því hvar á rennislleiðinni er. Hann er þar auðkenndur sem 1400 mm lögn, en slík lögn hefur sama þverskurðarflatarmál og þversniðið á stokknum. Hallinn eftir Lækjargötu er breytilegur og eru leggirnir samkvæmt eftirfarandi:

27 m af 6,3 % – 38,58 m af 0,5 % – 51,13 m af 0,4 % – 35,21 m af 0,8 % – 83,65 m af 5 % – 14,53 m af 2,1 % – 54,33 m af 2 %.

Meðalhallinn á þessari 304 m leið eftir Lækjargötu er 2,66 %. Á gatnamótunum við Hverfisgötu tekur við ný 1200 m plastlögn með 73,5 % halla og síðan nýrri lagnir.

Allt afrennsli Tjarnarinnar rennur nú um gamla yfirfallið, eftir steinsteypta stokknum undir Lækjargötu og áfram um 1600 mm pípulögn frá gatnamótum við Hverfisgötu að dælustöð við Ingólfsstræti.



Lækurinn  
þverskurður 1:50

[Mynd 7: Snið í Lækjargötustokk](#)


## 2. Forhönnun nýrrar afrennislagnar Tjarnarinnar

### 2.1 Grunnmynd og hæðarlega



Ný afrennislögn hefur verið forhönnuð og hlutar hennar hafa verið verkannaðir og byggðir. Forsendur hennar eru þær að nýtt inntak verði með kóta +2,15 á yfirfalli. Rennsliskóti lagnar aftan við inntakið verði um +1,67 m og útrás verði í kóta +0,44 í hæðarkerfi Reykjavíkur og er hæðarmunur á rennsliskóta við inntak og útrás um 1,23 m. Heildarlengd lagnarinnar frá inntaki í Tjörninni og að útrás við Miðbakka er um 550 m. Meðalhali lagnarinnar á þessari leið verður 2,24 ‰, en hallinn verður eitthvað breytilegur á lagnarleiðinni. Á Mynd 8 er lagnaleiðin sýnd ásamt lengdum og hallatölum einstakra lagnalegga.

Inntak afrennislagnarinnar verður við lðnó og liggur hún undir Vonarstræti og að inntaksbrunni norðan Vonarstrætis. Þarna liggur lögnin undir núverandi blandlögn í Vonarstræti og verður undir þrýstingi á þessari leið. Í inntaksbrunninum verður síðan annað vatnsinntak og þaðan mun afrennslíð renna í tveimur 700 mm rörum eftir Templarasundi, Kirkjustræti og Pósthússtræti. Ástæðan fyrir því að gert er ráð fyrir tveimur rörum er að hæðarlega landsins leyfir ekki mikið stærri rör, en flutningsþörfin er meiri en eitt rör annar. Á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu tengjast rörin tvö við áður lagða 800 mm lögn sem liggur til vesturs eftir Tryggvagötu. Á gatnamótum Tryggvagötu og Naustanna er tengibrunnur þar sem fyrirhugað er að stórar regnvatnslagnir úr Kvosinni tengist inn á. Afrennislögnin beygir þarna til norðurs og rennur eftir 1000 mm röri að Geirsgötu þar sem nú er bráðabirgðatenging við blandlögn. Fyrirhugað er síðan að framlengja afrennislögnina til norður að útrás við Miðbakka og er gert ráð fyrir að útrásarrörið verði 1200 mm að nafnmáli.

Auk mótstöðu í rörum verða stakar mótstöður í inntökum og beygjum á leiðinni og einnig er gert ráð fyrir þrýstitapi við flóðloku útrásar. Til þess að vatn renni eftir lögninni þarf vatnsborð hennar að fara upp fyrir yfirfallið og til þess að ná fullu rennslí í lögninni þarf hún að nálgast það að fyllast.



Mynd 8: Forhönnun nýrrar afrennislagnar Tjarnarinnar



Mynd 9: Tjarnarlögn-grunnmynd og langsníð


## 2.2 Nýtt yfirfall Tjarnar

Núverandi yfirfall Tjarnarinnar er í kóta 2,20. Gert hefur verið ráð fyrir að yfirfall nýrrar afrennslislagningar verði í kóta 2,15 og að það verði þá jafnframt yfirborðshæð Tjarnarinnar þegar jafnvægi er komið á eftir rigningar. Rétt er að það verði hannað með stillanlegri hæð þannig að breyta megi vatnsborði Tjarnarinnar eftir því sem reynslan segir til um. Tvær gerðir inntaks koma til greina.

Inntak í yfirborði Tjarnar. Þetta er sambærileg útfærsla og við núverandi inntak, sem er í vatnsyfirborði Tjarnarinnar og stýrir þar með vatnshæð hennar (sjá Mynd 4). Gæta þarf þess að ætíð verði íslaut við slíkt yfirfall til dæmis með því að veita afrennsli hitaveitu að því eða á annan viðeigandi hátt. Gert er ráð fyrir því að bak við yfirfallið verði brunnur og frá honum verði djúpt liggjandi lögn undir núverandi stóra blandlögn í Vonarstræti. Þessi lögn verður undir þrýstingi og tengist öðrum djúpum brunni norðan Vonarstrætis. Útrennsli úr honum inn í hina eiginlegu lögn verður með rennislíkóta 1,67. Þrýstitap á leiðinni frá Tjarnarinntaki og að þessu inntaki er áætlað 0,07 m við fullt rennsli. Ef lögnin á bak við brunninn er 700 mm að innanmáli þá þarf yfirborð Tjarnarinnar því að hækka í  $k=2,44$  til þess að lögnin fyllist alveg við fullt rennsli. Flutningsgetan minnkar þó lítið þótt lögnin sé ekki alveg full.

Samkvæmt jöfnu Brettings fyrir flutningsgetu hlutfylltra lagna, minnkar flutningsgetan einungis um 3% við það að lögnin sé 90% full, en þá er kótinn á vatnsborðinu í  $K=2,32$ .

Inntak í botni Tjarnar. Annar möguleiki á hönnun inntaks er að láta inntakið vera neðan vatnsborðs (sjá dæmi á Mynd 10). Vegna þess hve grunn Tjörninn er þyrfti að gera pytt framán við inntakið og verja fláa hans með grjóti þannig að hliðarnar skríði ekki saman með tímanum. Pytturinn þyrfti að vera 0,6-0,8 m dýpri en rennislíkóti á inntaksrörinu. Pyttinn þyrfti að hreinsa við og við því líklegt er að þar safnist fyrir með tímanum botnfall og kusk. Yfirfallið í inntaksbrunninum norðan Vonarstrætis verður þá ráðandi fyrir vatnshæð Tjarnarinnar utan rigningartíðar. Miðað er við að hæð yfirfallsins verði í kóta 2,15 og að rennislíkóti á lögninni á bak við það verði einnig 1,67.



Mynd 10: Dæmi um útrás úr tjörn undir vatnsborði

Staðsetning nýs inntaks afrennislagnarinnar er fyrirhuguð í horninu rétt vestan við Vonarstræti 3 (lðnó) sjá Mynd 11.



Mynd 11: Staðsetning nýs inntaks frá Tjörninni

Til þess að inntakið geti þjónað hlutverki sínu á öllum árstímum er nauðsynlegt að það verði íslaust allt árið. Til þess að það megi verða er mælt með því að affallsvatni hitaveitu verði að einhverju leyti veitt í Tjörnina við fyrirhugað inntak. Eftir Vonarstræti liggur ST1000 mm blandlögn sem afrennislögnin þarf að liggja undir og þarf fyrsti hluti hennar því að liggja miklu neðar en annars og í raun að vera undir einhverjum þrýstingi. Gert er ráð fyrir inntaksbrunni norðan Vonarstrætis þar sem raunverulegt inntak hinnar hallandi flutningslagnar verður staðsett. Sjá Mynd 12. Í inntaksbrunninum þarf að vera mögulegt að hreinsa botnfall sem borist hefur frá Tjörninni og sest á botn hans.

Afköst yfirfalls má reikna samkvæmt jöfnunni:

$$Q_y = C \cdot b \cdot h \cdot \sqrt{2gh}$$

þar sem b er breidd yfirfalls, h er þrýstihæð vatnsborðs yfir yfirfalli, g er þyngdarhröðunin og C er yfirfallsstuðull sem fer eftir því hvernig form yfirfallsins er. Hann er á milli 0,38 og 0,5 og verður hér gert ráð fyrir gildinu C=0,40. Með 4 m breiðu yfirfalli og kóta á yfirfallskrónu 2,15, þá verður sambandið á milli vatnshæðar í Tjörninni og afkasta yfirfallsins

$$Q_y(h) = 0,40 \cdot 4,0 \cdot \sqrt{2 \cdot 9,81} \cdot (h - 2,15)^{1,5} = 7,1(h - 2,15)^{1,5} \quad (\text{m}^3/\text{s})$$

	Nýtt yfirfall K= 2,15		
Breidd=	4,0	m	
Vatnshæð	Hæð yfir yfirfalli	Afköst yfirfalls	Athugasemdir
(m)	(m)	(l/s)	
2,20	0,05	79	
2,25	0,10	224	Flutningsgeta
2,30	0,15	412	lagnar er um
2,35	0,20	634	690 l/s
2,40	0,25	886	
2,45	0,30	1.165	
2,50	0,35	1.467	

Tafla 5: Afköst 4 m breiðs yfirfalls

Flutningsgeta lagnarinnar úr Tjörninni og að útrás miðað við fulla lögn við inntak og ekkert innrennsli úr Kvosinni er áætlað um 690 l/s, sem svarar til afkasta yfirfalls við 0,21 m vatnshæð yfir yfirfalli og vatnshæð um 2,36 í Tjörninni. Þrýstitapið á leiðinni samsvarar hæðarmuninum 1,23 m á rennisliskótum lagnanna við inntak og útrás. Útreikningar eru sýndir í viðauka (Viðauki 1 – Rennslisreikningar). Í þessu ástandi er fyrsti hluti lagnarinnar nánast fullur, en neðsti hlutinn sem liggur eftir Tryggvagötu og út eftir Naustunum er með 60% - 90% fyllingu. Þetta er eðlilegt því þessar lagnir eiga að taka við rennsli úr regnvatnskerfum Kvosarinnar og þurfa að hafa rennislisgetu til viðbótar við það að anna útrennsli úr Tjörninni.

Af þessum útreikningum má ráða að afköst lagnakerfisins við tæmingu Tjarnarinnar þegar ekki er annað rennsli í lögnunum sé allt að 690 l/s.



### 3 Ofanvatnsáætlun

#### 3.1 Almennt

Í leiðbeiningum Veitna LAV-503-15.0 um hönnunarrennsli skólps og ofanvatns eru reglur um forsendur fyrir ákvörðun á þeim úrkomustyrk sem hanna skal regnvatnslagnir eftir. Nota skal M5 aðferð Vatnaverkræðistofu Háskóla Íslands.

Reglurnar um endurkomutíma eru mismunandi fyrir almenn svæði og miðbæjarsvæði, þar sem strangari kröfur eru gerðar. Tafla 6 sýnir reglurnar í leiðbeiningum Veitna.

Svæði	Lagnir ekki undir þrýstingi og vatnsyfirborð ná ekki yfirborði	Vatnsyfirborð (þrýstihæð) ná ekki yfirborði
Almenn svæði	5 ára endurkomutími	10 ára endurkomutími Vatnsyfirborð má ná yfirborði ef flóðavatn veldur ekki tjóni og rennsli til viðtaka er tryggt.
Miðbæjarsvæði	20 ára endurkomutími	50 ára endurkomutími

Tafla 6: Reglur um endurkomutíma úrkomu

Svæðið sem afrennislögn Tjarnarinnar liggur um er óumdeilanlega miðbæjarsvæði. Kröfur eru því strangari en þær sem gerðar voru í greinargerð Verkís, þar sem miðað var við 5 ára endurkomutíma. Umfjöllun hennar náði líka til miklu stærra svæðis en miðbæjarsvæðisins og enn fremur var greinargerðin samin fyrir útgáfu nýjustu reglna Veitna.

Reglur um varanda regnskúrar eru þær að lágmarksvarandi skal vera 10 mínútur, en síðan skal skoða varanda á tímabilinu 10 mínútur til samrennlistíma kerfisins og óhagstæðasti varandi notaður við hönnun ofanvatnskerfisins. Samrennlistími er skilgreindur í Fráveituhandbók Samorku sem sá tími sem afrennsli frá fjarlægasta svæði vatnasviðsins tekur að ná þeim punkti sem rennslið er reiknað fyrir.

#### 3.2 Forsendur um úrkomu

Við ákvörðun á forsendum um úrkomu var stuðst við M5 aðferðina eins og henni er lýst í Flóðahandbókinni eftir Jónas Elíasson. Miðað er við gildi úrkomunnar fyrir miðbæ Reykjavíkur samkvæmt korti sem fylgir Flóðahandbókinni og gefur auðkennandi gildið  $1M5 = 40 \text{ mm/sólarhring}$ . Hallastuðullinn er valinn  $C_i=0,22$ . Forrit sem fylgir Flóðahandbókinni gefur gildi  $I_a$  fyrir hönnunarskúrir með mismunandi forsendum um endurkomutíma og varanda. Lesin eru gildi fyrir hönnunarskúrir með varanda 10 mínútur, 1 klst, 6 klst, 12 klst, 24 klst og 48 klst og endurkomutíma 5 ár, 20 ár og 50 ár. Tafla 7 hér að neðan sýnir niðurstöður M5 aðferðarinnar við val á hönnunarskúrum.

Varandi	5 ára endurkomutími i	20 ára endurkomutími i	50 ára endurkomutími i
10 mín	50,3 l/s/ha	65,2 l/s/ha	75,1 l/s/ha
1 klst	24,1 l/s/ha	31,3 l/s/ha	36,1 l/s/ha
6 klst	11,5 l/s/ha	15,0 l/s/ha	17,2 l/s/ha
12 klst	7,91 l/s/ha	10,3 l/s/ha	11,8 l/s/ha
24 klst	4,74 l/s/ha	6,15 l/s/ha	7,09 l/s/ha
48 klst	2,83 l/s/ha	3,67 l/s/ha	4,23 l/s/ha

Tafla 7: Úrkomutölur M5 aðferðarinnar

Eins og áður segir þá getur Reykjavíkurtjörn miðlað úrkomu í aftaka skúrum vegna stærðar sinnar. Þess vegna þarf ekki að gera ráð fyrir öllu afrennsli hönnunarskúrar á afrennslissvæði hennar við hönnun lagna frá henni. Þær þurfa þó að geta annað meðalúrkomu yfir lengra tímabil í rigningartíð. Eftir því sem tímabilið sem til skoðunar er lengist, þá minnkar meðalúrkoman á því, en heildarúrkoman eykst. Því er nauðsynlegt að skoða einnig gögn um úrkomu á lengri tímabilum til þess að finna þann varanda sem óhagstæðastur er miðað við stærð miðlunarinnar í Tjörninni. Aðferð M5 er nothæf fyrir tímabil allt að 24-48 klst, en fyrir lengri tímabil er stuðst við gögn frá Veðurstofunnar um úrkomu í Reykjavík. Tafla 8 hér að neðan sýnir samantekt á mælingum Veðurstofunnar á árs-, mánaðar- og sólarhringsúrkomu.

Tímabil	Meðaltalsúrkoma		Mesta mælda gildi (70 ár)		Athugasemd
1 ár	900 mm	0,285 l/s/ha	1125 mm	0,357 l/s/ha	Hámark 2007
1 mánuður	85,6 mm	0,326 l/s/ha			Október
1 mánuður			260 mm	0,99 l/s/ha	Nóvember 1993
1 sólarhringur			48,2 mm	5,58 l/s/ha	1. janúar 1989

Tafla 8: Úrkomutölur samkvæmt mælingum Veðurstofu

Í töflunni koma fram hámarks gildum síðastliðin 70 ár. Áhugavert er að bera hæsta mælda gildi sólarhringsúrkomu við gildi M5 aðferðarinnar fyrir sólarhringsúrkomu. Hæsta mælda gildið er 5,58 l/s/ha, en M5 aðferðin gefur um 7,1 l/s/ha fyrir sólarhringsúrkomu með 50 ára endurkomutíma og 6,15 l/s/ha fyrir 20 ára endurkomutíma. Þegar haft er í huga að mælingatímabilið er hlutfallslega ekki langt miðað við endurkomutímamann þá virðist vera þökkalegt samræmi milli mælinga og fræðilegrar niðurstöðu.

### 3.3 Afrennslissvæði og afrennslistölur

Til þess að meta afrennslistölur svæðanna sem til skoðunar eru verða notuð gildi fyrir flatarmál og afrennslisstuðla úr töflum 2 og 4 og úrkomutölur úr töflum 6 og 7. Hæstu gildi fyrir mánaðarúrkomu og ársúrkomu síðastliðin 70 ár eru notuð til þess að nálga gildi fyrir 50 ára endurkomutíma.

Afrennsli af Vatnsmýrarsvæði og Tjarnarsvæði rennur í Tjörnina. Lítil tímaseinkun rennslis verður á þeim svæðum sem talin eru til Tjarnarsvæðisins, en meiri seinkun verður á rennsli frá Vatnsmýrarsvæðinu, enda tilheyra því Öskjuhlíð og Hlíðarendi, auðkennd sem svæði 1 í skýrslu Verkís og síðan Flugvallarsvæði og Litli Skerjafjörður, auðkennd sem svæði 4 í skýrslu Verkís. Búast má við því að áhrif seinkunar á rennsli minnki eftir því sem varandi rigningarinna eykst.

Eins og áður segir þá er þess langt að bíða að aðgreiningu lagnakerfanna verði lokið og verða hér að neðan settar fram rennslistölur fyrir þrjár sviðsmyndir. Fyrir hverja sviðsmynd i (1,2,3) og hvert afrennslissvæði er metinn stuðullinn  $k_i$  ( $k_1, k_2, k_3$ ) sem táknar hve mikill hluti regnvatns af svæðinu rennur í Tjörnina fyrir þessa tilteknu sviðsmynd.

- Sviðsmynd 1: Núverandi ástand lagnakerfis. Afrennsli margra svæði rennur nú beint í blandlagir og er dælt inn í Sundahöfn. Stuðullinn  $k_1$  er því 0 fyrir þessi svæði.
- Sviðsmynd 2: Aðgreind lagnakerfi þar sem allt afrennsli vatnasviðsins rennur í Tjörnina án blágrænna lausna. Stuðullinn  $k_2$  er 1,0 fyrir öll svæðin.
- Sviðsmynd 3: Aðgreind lagnakerfi en minna aftaka úrkomuvatn leitt í Tjörnina með hagstæðari útfærslu nýs regnvatnskerfis og blágrænum lausnum. Hér er reiknað með að 80% af aftaka regni á land renni í Tjörnina. Stuðullinn  $k_3$  verður því 0,8 nema fyrir Tjörnina verður hann 1,0.

Afrennslissvæði		Upprunaleg gildi		Sviðmynd 1		
Afrennslissvæði - Lýsing	Svæði nr.	Flatarmál	Afrennslis-stuðull	Stuðull k1	Flatarmál A1	Afrennslis-stuðull C1
		(ha)	(l)	(l)	(ha)	(l)
Öskjuhlíð, Hlíðarendi	1	51,6	0,53	0,9	46,4	0,53
Hringbraut, Vatnsmýrarvegur	2	7,2	0,71	0,0	0,0	0,71
Landsspítali	3	13,9	0,65	0,5	7,0	0,65
Flugvallarsvæði, LitliSkerjafjörður	4	44,5	0,48	0,3	13,4	0,48
Gamla Hringbraut	5	3,4	0,72	1,0	3,4	0,72
Háskólasvæði	6	29,4	0,59	0,5	14,7	0,59
Hringbraut	7	6,3	0,74	0,5	3,2	0,74
Suðurgata, Hringbraut	8	12,5	0,61	0,0	0,0	0,61
Þingholt, Njarðargata	9	13,8	0,65	0,0	0,0	0,65
Þingholt, Bragagata	10	12	0,7	0,0	0,0	0,7
Þingholt, Skothúsvegur	11	4,3	0,65	0,0	0,0	0,65
Kirkjugarður	12	5,4	0,36	0,0	0,0	0,36
Þingholt, Skálholtsstígur	13	5	0,65	0,0	0,0	0,65
Tjarnargata	14	1,9	0,49	0,0	0,0	0,49
Lækjargata, Bókhöðustígur	15	3	0,65	0,0	0,0	0,65
Tjörnin	16	14,7	0,74	1,0	14,7	0,74
<b>Samtals Flatermál (ha):</b>					<b>102,7</b>	
<b>Veginn afrennslisstuðull í Tjarnir:</b>					<b>0,58</b>	

Tafla 9: Afrennslisstuðlar og flatarmál – Núverandi ástand lagnakerfis

Afrennslissvæði		Upprunaleg gildi		Sviðmynd 2		
Afrennslissvæði - Lýsing	Svæði nr.	Flatarmál	Afrennslisstuðull	Stuðull k2	Flatarmál A2	Afrennslisstuðull C2
		(ha)	()	()	(ha)	()
Öskjuhlíð, Hlíðarendi	1	51,6	0,53	1,0	51,6	0,53
Hringbraut, Vatnsmýrarvegur	2	7,2	0,71	1,0	7,2	0,71
Landsspítali	3	13,9	0,65	1,0	13,9	0,65
Flugvallarsvæði, LitliSkerjafjörður	4	44,5	0,48	1,0	44,5	0,48
Gamla Hringbraut	5	3,4	0,72	1,0	3,4	0,72
Háskólasvæði	6	29,4	0,59	1,0	29,4	0,59
Hringbraut	7	6,3	0,74	1,0	6,3	0,74
Suðurgata, Hringbraut	8	12,5	0,61	1,0	12,5	0,61
Þingholt, Njarðargata	9	13,8	0,65	1,0	13,8	0,65
Þingholt, Bragagata	10	12	0,7	1,0	12,0	0,7
Þingholt, Skothúsvegur	11	4,3	0,65	1,0	4,3	0,65
Kirkjugarður	12	5,4	0,36	1,0	5,4	0,36
Þingholt, Skálholtsstígur	13	5	0,65	1,0	5,0	0,65
Tjarnargata	14	1,9	0,49	1,0	1,9	0,49
Lækjargata, Bókhöðustígur	15	3	0,65	1,0	3,0	0,65
Tjörninn	16	14,7	0,74	1,0	14,7	0,74
<b>Samtals Flatermál (ha):</b>					<b>228,9</b>	
<b>Veginn afrennslisstuðull í Tjarnir:</b>					<b>0,59</b>	

Tafla 10: Afrennslisstuðlar og flatarmál – Aðgreind lagnakerfi án blágrænna lausna

Afrennissvæði		Upprunaleg gildi		Sviðmynd 3		
Afrennissvæði - Lýsing	Svæði nr.	Flatarmál	Afrenniss- stuðull	Stuðull k3	Flatarmál A3	Afrenniss- stuðull C2
		(ha)	(l)	(l)	(ha)	(l)
Öskjuhlíð, Hlíðarendi	1	51,6	0,53	0,8	51,6	0,42
Hringbraut, Vatnsmýrarvegur	2	7,2	0,71	0,8	7,2	0,57
Landsspítali	3	13,9	0,65	0,8	13,9	0,52
Flugvallarsvæði, LitliSkjerjafjörður	4	44,5	0,48	0,8	44,5	0,38
Gamla Hringbraut	5	3,4	0,72	0,8	3,4	0,58
Háskólasvæði	6	29,4	0,59	0,8	29,4	0,47
Hringbraut	7	6,3	0,74	0,8	6,3	0,59
Suðurgata, Hringbraut	8	12,5	0,61	0,8	12,5	0,49
Þingholt, Njarðargata	9	13,8	0,65	0,8	13,8	0,52
Þingholt, Bragagata	10	12	0,7	0,8	12,0	0,56
Þingholt, Skothúsvegur	11	4,3	0,65	0,8	4,3	0,52
Kirkjugarður	12	5,4	0,36	0,8	5,4	0,29
Þingholt, Skálholtsstígur	13	5	0,65	0,8	5,0	0,52
Tjarnargata	14	1,9	0,49	0,8	1,9	0,39
Lækjargata, Bókhöðustígur	15	3	0,65	0,8	3,0	0,52
Tjörnin	16	14,7	0,74	1,0	14,7	0,74
<b>Samtals Flatermál (ha):</b>				<b>228,9</b>		
<b>Veginn afrennissstuðull í Tjarnir:</b>				<b>0,47</b>		

Tafla 11: Afrennissstuðlar og flatarmál - Aðgreind lagnakerfi og 80% ofanvatns í lagnir


Loks má geta þess að fleiri þættir geta haft áhrif á innrennsli í Tjörnina og útrennsli úr henni. Leki úr vatnslögnum var á árum áður tilgreindur sem umtalsverður hluti þess vatns sem í hana rynni. Ekki er þó hér gerð tilraun til þess að meta þetta.

## 4 Rennslisgreining

### 4.1 Rennslisleiðin

Afkastageta hinnar nýju lagnar ætti að anna eins miklu af því ofanvatni sem fellur á afrennslissvæði Tjarnarinnar og raunhæft er. Ýmislegt getur þó orðið til þess að takmarka flutningsgetu hennar. Sjávarföll valda því að útrásin kann að vera á kafi í hluta sólarhringsins og við það minnkar meðaltalsrennslisgeta hennar. Í ítrustu tilvikum getur sjávarhæð farið yfir vatnsborð Tjarnarinnar og þá getur ofanvatn ekki runnið til sjávar eftir lögninni. Til þess að hún veiti ekki sjó inn í lagnakerfið er nauðsynlegt að flóðloka verði á útrásinni. Vegna lítils hæðarmunar verður halli lagnarinnar og þar með flutningsgeta hennar takmörkuð. Landhæð í lagnaleiðinni takmarkar enn fremur stærð lagnanna þar sem stórar lagnir myndu liggja of nærri yfirborði. Ef ekki er mögulegt að lögnin geti annað öllu innrennslis í Tjörnina með stuttan varanda þarf að treysta að á miðlun með hækkun vatnsborðs í Tjörninni geymi hluta af ofanvatninu þar til úrkomunni linni. Afrennslislögnin veitir síðan vatninu til sjávar eftir því sem flutningsgeta hennar leyfir.

### 4.2 Inntak við Tjörnina



Mynd 12: Nýtt inntak við Tjörnina

#### Samanlögð afköst yfirfalla Tjarnarinnar

Eins og áður segir er núverandi yfirfall með kóta á yfirfallskrónu 2,20 og er það 4 m breitt. Talið er nauðsynlegt að nota þetta yfirfall sem varayfirfall þegar vatnsborð Tjarnarinnar hækkar of mikið. Hins vegar er æskilegt að takmarka rennslis um varayfirfallið eins og mögulegt er. Hér verður gert ráð fyrir að króna varayfirfallsins verði hækkuð í kóta 2,30. Afköst yfirfallanna verða þá samkvæmt eftirfarandi útreikningi þar sem  $Q_1$  er rennslis yfir nýtt yfirfall og  $Q_2$  er rennslis yfir varayfirfall.

$$Q_1(h) = 0,40 \cdot 4,0 \cdot \sqrt{2 \cdot 9,81} \cdot (h - 2,15)^{1,5} = 7,1(h - 2,15)^{1,5} \quad (\text{m}^3/\text{s})$$


$$Q_2(h) = 0,40 \cdot 4,0 \cdot \sqrt{2 \cdot 9,81} \cdot (h - 2,30)^{1,5} = 7,1(h - 2,30)^{1,5} \quad (\text{m}^3/\text{s})$$

Útrennsli Tjarnar við mismunandi vatnshæð						
Breidd=	Nýtt yfirfall K= 2,15	Afrennislögn Tjarnar	Neyðaryfirfall K= 2,30	Bæði yfirföll og lögn		
Vatnshæð (m)	Hæð yfir yfirfalli (m)	Afköst yfirfalls (l/s)	Afköst lagnar (l/s)	Hæð yfir yfirfalli (m)	Afköst yfirfalls (l/s)	Afköst samtals (l/s)
2,20	0,05	79	79	0,00	0	79
2,25	0,10	224	224	0,00	0	224
2,30	0,15	412	412	0,00	0	412
2,35	0,20	634	634	0,05	79	713
2,40	0,25	886	690	0,10	224	914
2,45	0,30	1.165	690	0,15	412	1.102
2,50	0,35	1.467	690	0,20	634	1.324

Tafla 12: Afköst yfirfalla Tjarnarinnar

### 4.3 Útrás í Reykjavíkurhöfn

Gert er ráð fyrir því að útrásarlögn verði lögð frá núverandi nýjum brunni BR209706 við gatnamót Naustanna og Geirsgötu, yfir Geirsgötu að útrás við Miðbakka. Útrásin við Miðbakka verður með rennislíkóta um  $k=+0,44$  m í hæðarkerfi Reykjavíkur. Hún verður með flóðloku sem hindrar bakrennsli sjávar við háa sjávarstöðu.



Mynd 13: Útrás við Miðbakka og sjávarhæðir

Þegar sjávarstaða er ofan við botnkóta rörs útrásar þá minnkar sá hæðarmunur sem knýr fram rennslið. Því minnkar þetta flutningsgetuna því sjávarföll verða tvisvar á sólarhring.

Eftirfarandi gildi eiga við um sjávarföll í Reykjavíkurhöfn, hæðir eru í hæðarkerfi Reykjavíkur.

Hæsta stjarnfræðilega flóð:	+ 2,80 m
Meðalstórstraumsflóð:	+ 2,18 m
Meðalsmástraumsflóð:	+ 1,18 m
Hæð útrásar:	+ 0,44 m
Meðalsjávarfallahæð:	+ 0,28 m
Meðalsmástraumsfjara:	- 0,52 m

Meðalstórstraumsfjara: - 1,62 m  
Lægsta stjarnfræðilega fjara: - 2,26 m

Ef útrásin er í kóta +0,44 m þá fer sjávarhæð upp fyrir hana á hverjum degi.

Meðalstórstraumsflóð nær upp í sömu hæð og er á vatnsborði Tjarnarinnar. Því er nauðsynlegt að koma fyrir bakflæðisvörn við útrásina til þess að koma í veg fyrir innflæði sjávar í regnvatnskerfið. Án slíkrar varnar má gera ráð fyrir að verulegur hluti regnvatnslagnakerfisins í Kvosinni fyllist af sjó á hverjum degi. Sjór myndi þá hugsanlega einnig geta runnið inn í jarðlögin og auka á dælingarþörf í dælubrunnum kjallara í hverfinu. Því er gert ráð fyrir að flóðloku verði komið fyrir í útrásinni. Flóðlokan verður í sérstökum brunni til þess að auðvelda viðhald, aðgengi og minnka hættu á truflunum starfsemi hennar vegna frosta.

#### 4.4 Rennslisreikningar

Til þess að reikna mótstöðu á rennslisleiðinni og flutningsgetu lagnarinnar þá var sett upp líkan út frá Manning jöfnunni. Samkvæmt henni er þrýstifall á tilteknum hluta lagnarinnar:

$$\Delta H_L = \frac{L}{M^2 \cdot R^{4/3} \cdot A^2} \cdot Q^2$$

Þar sem L er lengd lagnarhlutans í m, Q er rennsli í m<sup>3</sup>/sek, R er hydrauliskur radius í m og M er Manningtalan fyrir rörið. Fyrir fullt rör verður R= D/4 þar sem D er þvermál rörsins. Manningtalan er reiknuð út frá hrýfinu k (í m) samkvæmt líkingunni:

$$M = \frac{25,4}{\sqrt[6]{k}}$$

Þessi líking gildir ef  $4,7 < R/k < 300$ . Við gerum ráð fyrir hrýfi k=1 mm og rörstærð D= 600 – 800 mm þannig að stærðin R/k verður á bilinu 75-200 og vel innan gildissviðs líkingarinnar.

Stakar mótstöður á rennslisleiðinni voru metnar fyrir hverja mótstöðu samkvæmt jöfnunni:

$$\Delta H_S = \frac{\zeta}{2g \cdot A^2} \cdot Q^2$$

Þar sem stærðin  $\zeta$  er töflugildi fyrir þrýstítap í hverju tilviki hveðrar stakrar mótstöðu í rennslisleiðinni.

Þegar mótstöður í rennslisleiðinni eru lagðar saman þá fæst jafnan:

$$\sum \Delta H = \sum \frac{L \cdot Q^2}{M^2 \cdot R^{4/3} \cdot A^2} + \sum \frac{\zeta \cdot Q^2}{2g \cdot A^2}$$

Samanlagða þrýstítapið  $\Delta H$  á að jafngilda þeim hæðarmun sem knýr rennslið. Rennslið Q breytist á rennslisleiðinni, því við rennslið úr Tjörninni bætist rennsli úr öðrum regnvatnslögnum í Kvosinni. Óþekkt stærðin í þessari jöfnu er rennslið út úr Tjörninni og byggist lausnaraðferðin á því að ítra gildið fyrir rennsli úr henni þar til heildarþrýstítapið í lögninni er jafnt hæðarmun lagnar við inntak og útrás. Sérstakt tilvik á við ef einungis er verið að tæma úr Tjörninni og ekkert rennur í afrennislögnina úr Kvosinni. Þetta getur átt við stuttu eftir mjög stóra, en stutta regnskúr, þegar lagnir í Kvosinni hafa hreinsað sig og Tjörninn hefur safnað í sig miklu afrennsli sem þarf að tæmast til sjávar.



Tafla 13 sýnir mat á svörun lagnakerfisins við aftaka úrkomu sviðsmynd 1 en hún miðast við núverandi ástand lagna, þar sem meginhluti regnvatns sem fellur á byggð svæði rennur í blandlagnir, en afrennsli óbyggðra svæða rennur í Tjörnina. Miðað er við afrennslistölur úr töflu 9. Áhrif á Tjörnina miðast við lok skúrarinnar og er metið hve mikil uppsöfnun á vatni hefur orðið í henni og mikið vatnsborð hennar hafi hækkað við það.

Tjörnin rennslibókhalda - Sviðsmynd 1: Núverandi ástand lagna													
Afrennslistuðull C= 0,58										Flatarmál A= 102,7 ha			
Úrkomutilvik			Innrennsli		Flutningsgeta og rennsli					Áhrif á Tjörnina			
Varandi	Endurkomutími	Úrkomugildi (i)	Tjörnin og Vatnsnýri	Kvosin í lögn	Inntak nýtt	Neyðar-yfirfall	Afköst lagnar	Útrás miðbakka	Útrennsli úr Tjörn	Tjörnin miðlun	Miðlun samtals	Hækkun í Tjörninni	Vatnsborð Tjarnar
		(l/s/ha)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(m3)	(mm)	(m)
10 mín	5 ár	50,3	2.996	-	17	-	187	17	17	2.979	1.788	18	2,17
10 mín	20 ár	65,2	3.884	-	140	-	42	42	42	3.842	2.305	23	2,22
10 mín	50 ár	75,1	4.473	-	31	-	34	31	31	4.442	2.665	27	2,18
1 klst	5 ár	24,1	1.436	-	77	-	390	77	77	1.359	4.891	49	2,20
1 klst	20 ár	31,3	1.864	-	112	-	340	112	112	1.752	6.309	63	2,21
1 klst	50 ár	36,1	2.150	-	137	-	336	137	137	2.013	7.248	72	2,22
6 klst	5 ár	11,5	685	-	224	-	469	224	224	461	9.958	100	2,25
6 klst	20 ár	15,0	893	-	313	-	449	313	313	580	12.539	125	2,28
6 klst	50 ár	17,2	1.025	-	371	-	435	371	371	654	14.116	141	2,29
12 klst	5 ár	7,9	471	-	231	-	489	231	231	240	10.349	103	2,25
12 klst	20 ár	10,3	614	-	317	-	476	317	317	297	12.810	128	2,28
12 klst	50 ár	11,8	703	-	375	-	468	375	375	328	14.164	142	2,29
24 klst	5 ár	4,7	280	-	179	-	506	179	179	101	8.723	87	2,24
24 klst	20 ár	6,2	369	-	245	-	499	245	245	124	10.740	107	2,26
24 klst	50 ár	7,1	423	-	287	-	494	287	287	136	11.743	117	2,27
48 klst	5 ár	2,8	167	-	126	-	516	126	126	41	7.048	70	2,22
48 klst	20 ár	3,7	220	-	173	-	512	173	173	47	8.190	82	2,23
48 klst	50 ár	4,2	250	-	198	-	508	198	198	52	9.016	90	2,24
1 mánn	50 ár	1,0	60	-	-	-	133	-	-	60	-	-	-
1 ár	50 ár	0,36	21	-	-	-	47	-	-	21	-	-	-

Tafla 13: Rennsli í aftaka úrkomu – núverandi ástand lagna

Í töflunni kemur fram fyrir margs konar varanda úrkomu og endurkomutíma hvert innrennslið er í Tjörnina. Þá er tilgreint hvert innrennslið er í lögnina úr Kvosinni og síðan hvert útrennslið úr Tjörninni verður til þess að fullnýta flutningsgetu lagnarinnar eða afköst inntaks. Það sem eftir verður safnast upp í Tjörninni og er hækkun yfirborðs hennar reiknuð miðað við 10 ha flatarmál. Þegar vatnsborðið fer yfir krónu varayfirfallsins þá bætist við útrennslið sem nemur afköstum þess.

Niðurstöðurnar sýna að við núverandi ástand lagnakerfa þá muni Tjörnin þjóna miðlunarhlutverki sínu vel með hinu nýja fyrirkomulagi afrennslis. Fyrir allar samsetningar af varanda og endurkomutíma þá hækkar vatnsborð hennar. Mesta hækkun er fyrir 12 klst skúrir og er hækkunin á bilinu 103-142 mm eftir því við hvaða endurkomutíma er miðað. Við hækkun vatnsborðsins þá eykst rennslið um yfiröllin og vatnsmagnið sem í Tjörnina hefur bæst rennur smám saman út.

Tafla 14 sýnir mat á svörun lagnakerfisins við sviðsmynd 2 með fulla aðgreiningu lagna án blágrænna lausna, þar sem allt afrennsli regnvatns sem fellur á byggð svæði rennur í Tjörnina. Miðað er við afrennslistölur úr töflu 10.

Tjörnin rennslibókhald - Sviðsmynd 2: Full aðgreining fráveitulagna - allt regnvatn í regnvatnslagnir													
Afrennslistuðull C= 0,59											Flatarmál A= 228,9 ha		
Úrkomutilvik			Innrennsli		Flutningsgeta og rennsli					Áhrif á Tjörnina			
Varandi	Endurkomutími	Úrkomugildi (i)	Tjörnin og Vatnsmýri	Kvosin í lögn	Inntak nýtt	Neyðar-yfirfall	Afköst lagnar	Útrás miðbakka	Útrennsli úr Tjörn	Tjörnin miðlun	Miðlun samtals	Hækkun í Tjörninni	Vatnsborð Tjarnar
		(l/s/ha)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(m3)	(mm)	(m)
10 mín	5 ár	50,3	6.793	991	57	-	187	1.048	57	6.736	4.042	40	2,19
10 mín	20 ár	65,2	8.805	1.285	234	-	42	1.327	42	8.763	5.258	53	2,25
10 mín	50 ár	75,1	10.142	1.480	107	-	34	1.514	34	10.108	6.065	61	2,21
1 klst	5 ár	24,1	3.255	475	252	-	390	727	252	3.003	10.810	108	2,26
1 klst	20 ár	31,3	4.227	617	371	-	340	957	340	3.887	13.994	140	2,29
1 klst	50 ár	36,1	4.875	712	466	11	336	1.059	347	4.528	16.302	163	2,31
6 klst	5 ár	11,5	1.553	227	687	107	469	803	576	977	21.105	211	2,36
6 klst	20 ár	15,0	2.026	295	1.016	309	449	1.053	758	1.268	27.384	274	2,42
6 klst	50 ár	17,2	2.323	339	1.223	454	435	1.228	889	1.434	30.972	310	2,46
12 klst	5 ár	7,9	1.067	156	667	96	489	741	585	482	20.818	208	2,36
12 klst	20 ár	10,3	1.391	202	989	291	476	969	767	624	26.958	270	2,42
12 klst	50 ár	11,8	1.594	233	1.182	424	468	1.125	892	702	30.309	303	2,45
24 klst	5 ár	4,7	635	93	445	5	506	543	450	185	15.962	160	2,31
24 klst	20 ár	6,2	837	121	672	99	499	719	598	239	20.677	207	2,36
24 klst	50 ár	7,1	959	140	828	188	494	822	682	277	23.921	239	2,39
48 klst	5 ár	2,8	378	55	306	-	516	361	306	72	12.466	125	2,27
48 klst	20 ár	3,7	500	71	412	-	512	483	412	88	15.153	152	2,30
48 klst	50 ár	4,2	567	82	462	9	508	553	471	96	16.626	166	2,31
1 mánn	50 ár	1,0	135	19	132	-	668	151	132	3	7.908	79	2,22
1 ár	50 ár	0,36	49	7	50	-	680	57	50	-	-	-	2,19

Tafla 14: Rennsli í aftaka úrkomu - full aðgreining lagna

Niðurstöðurnar sýna að við úrkomu með stuttan varanda á við 10 mínútur þá hækkar yfirborð Tjarnarinnar nokkuð, 40-60 mm. Lagnakerfi Kvosarinnar fær hins vegar gríðarlegt innrennsli úr Kvosinni sjálfri og nær því ekki að anna afrennsli Tjarnarinnar. Lagnakerfi Kvosarinnar mun hins vegar fljótlega hreinsa sig eftir hina stuttu skúr og taka við að veita vatni úr Tjörninni til sjávar.

Við langan varanda, allt frá 2 dögum og upp í 1 mánuð og ár þá er úrkoman mun minni og lögnin annar öllu rennslinu af afrenslissvæðunum, bæði því sem fellur á Kvosina og rennur í Tjörnina.

Samkvæmt þessum útreikningum þá reynir úrkomuvarandi á milli 6 klst og 24 klst mest á miðlunina í Tjörninni og einna mest virðast áhrifin vera af 6-12 klst varanda úrkomu. Samspil úrkomumagns og tímalengdar veldur hækkun í vatnsborði hennar sem er umfram það sem útrásarlögnin ræður við og hefst þá rennsli um varayfirfallið. Hækkun á vatnsborði Tjarnarinnar verður í allt að kóta 2,46 fyrir 6 klst skúr með 50 ára endurkomutíma.

Tafla 15 sýnir mat á svörun lagnakerfisins við sviðsmynd 3 með fulla aðgreiningu lagna en með blágrænum lausnum, þar sem 80% afrennsli regnvatns sem fellur á byggð svæði rennur í Tjörnina. Miðað er við afrennslistölur úr töflu 11.

Tjörnin rennslistgreining - Sviðsmynd 3: Full aðgreining fráveitulagna - 80% regnvatns í regnvatnslagdir													
Afrennslistuðull C= 0,47													
Flatarmál A= 228,9 ha													
Úrkomutílik			Innrennsli		Flutningsgeta og rennsli					Áhrif á Tjörnina			
Varandi	Endurkomutími	Úrkomugildi (i)	Tjörnin og Vatnsmýri	Kvosin í lögn	Inntak nýtt	Neyðaryfirfall	Afköst lagnar	Útrás miðbakka	Útrennsli úr Tjörn	Tjörnin miðlun	Miðlun samtals	Hækkun í Tjörninni	Vatnsborð Tjarnar
		(l/s/ha)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(l/s)	(m <sup>3</sup> )	(mm)	(m)
10 mín	5 ár	50,3	5.411	991	41	-	184	1.032	41	5.370	3.222	32	2,18
10 mín	20 ár	65,2	7.014	1.285	198	-	39	1.324	39	6.975	4.185	42	2,24
10 mín	50 ár	75,1	8.079	1.480	75	-	31	1.511	31	8.048	4.829	48	2,20
1 klst	5 ár	24,1	2.593	475	182	-	388	657	182	2.411	8.679	87	2,24
1 klst	20 ár	31,3	3.367	617	266	-	337	883	266	3.101	11.165	112	2,26
1 klst	50 ár	36,1	3.884	712	325	-	334	1.037	325	3.559	12.811	128	2,28
6 klst	5 ár	11,5	1.237	227	471	12	467	706	479	758	16.377	164	2,31
6 klst	20 ár	15,0	1.614	295	741	137	447	879	584	1.030	22.242	222	2,37
6 klst	50 ár	17,2	1.850	339	913	241	433	1.013	674	1.176	25.411	254	2,41
12 klst	5 ár	7,9	850	156	462	9	487	627	471	379	16.369	164	2,31
12 klst	20 ár	10,3	1.108	202	721	126	474	802	600	508	21.950	220	2,37
12 klst	50 ár	11,8	1.269	233	886	224	465	922	689	580	25.077	251	2,40
24 klst	5 ár	4,7	506	93	348	-	504	441	348	158	13.620	136	2,28
24 klst	20 ár	6,2	667	121	466	11	496	598	477	190	16.417	164	2,31
24 klst	50 ár	7,1	764	140	578	52	491	683	543	221	19.081	191	2,34
48 klst	5 ár	2,8	301	55	241	-	513	296	241	60	10.408	104	2,26
48 klst	20 ár	3,7	398	71	325	-	509	396	325	73	12.624	126	2,28
48 klst	50 ár	4,2	452	82	371	-	506	453	371	81	13.971	140	2,29
1 mánn	50 ár	1,0	108	19	105	-	668	124	105	3	6.695	67	2,21
1 ár	50 ár	0,36	39	7	39	-	680	46	39	-	-	-	2,18

Tafla 15: Rennsli í aftaka úrkomu - full aðgreining lagna, 80% regnvatns í lagnir


